

Mánudaginn 7. nóvember var aðalfundur foreldrafélags og tengiliða haldinn í kennarastofu Árskóla kl. 17:00. Á fundinn mættu um 15 foreldrar ásamt stjórn foreldrafélagsins. Óskar og Hallfríður sátu einnig fundinn fyrir hönd skólans. Á fundinum var farið yfir skólaárið, ársreikning félagsins, lög foreldrafélagsins, kosið í nýja stjórn og skólaráð og að endingu var unnið að uppfærðri verkefnalýsingu tengiliða bekkja.

Á skólaárinu 2021-2022 keypti foreldrafélagið dansmarapón boli fyrir allt yngra stig, hélt öskudagsskemmtun í íþróttahúsinu í febrúar og niðurgreiddi leikhúsmiða á Frozen sýningu 10. bekkjar um vorið.

Þar sem aðalfundurinn var haldinn svo seint var búið að senda út árgjald sem hélst óbreytt á milli ára, 2.500 kr. Var nokkur umræða um að það þyrfti jafnvel að hækka gjaldið upp í 3.000 kr. á næsta ári, þar sem gjaldaliðir hafa hækkað á milli ára og var síðasta rekstrarár t.d. rekið með tæplega 30 þúsund króna tapi. Árgjaldið er valgreiðslukrafa, eitt á hvert heimili óháð fjölda nemenda sem búa á heimilinu. Mun þessi ákvörðun bíða til næsta aðalfundar.

Tillaga var sett fram að breyta lögum félagsins á þann veg að aðalfundur sé haldinn í september en í lögum er skráð að hann skuli vera haldinn í maí. Tillagan var samþykkt af öllum fundar meðlimum.

Næst var farið að kjósa í nýja stjórn. Í stjórn félagsins skólaárið 2021-2022 voru:

Vildís Björk Bjarkadóttir, formaður

Lilja Gunnlaugsdóttir, gjaldkeri – gefur ekki kost á sér áfram

María Eymundsdóttir

Helgi Freyr Margeirsson – gefur ekki kost á sér áfram

Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir

Hilma Eiðsdóttir Bakken bauð sig fram sem gjaldkera, Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir og Sigrún Andrea Gunnarsdóttir buðu sig fram í stjórn, sem var samþykkt af öllum fundar meðlimum. Vildís var kosin áfram sem formaður félagsins.

Ný stjórn fyrir skólaárið 2022-2023 er því eftirfarandi:

Vildís Björk Bjarkadóttir, formaður

Hilma Eiðsdóttir Bakken, gjaldkeri

María Eymundsdóttir

Sigurlaug Lilja Halldórsdóttir

Karítas Sigurbjörg Björnsdóttir

Sigrún Andrea Gunnarsdóttir

Því næst var farið í kosningu í skólaráð en þar vantaði inn 1 fulltrúa. Vildís er sjálfkrafa í skólaráði sem formaður foreldrafélagsins og Lilja á ár eftir af sinni setu, en kosið er í foreldraráð til tveggja ára í senn. Valborg Jónína Hjálmarsdóttir bauð sig fram og var samþykkt af öllum fundarmeðlimum.

Að lokum skiptu fundarmeðlimir sér í 3 hópa þar sem farið var yfir verkefnalýsingu tengiliða, sem voru færðar nýrri stjórn sem mun fara yfir tillögur, vinna úr þeim og koma til skólans.

Fundi var slitið kl. 18:05